

Dags eftirlits	17.10.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	Auður Eyberg Helgadóttir
Fyrirtæki	Hafrannsóknarstofnun	Eftirlitsmaður	Auður Eyberg Helgadóttir
Heimili	Stað	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	470616-0830	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Matthías Oddgeirsson	ÍSAT nr.	03.22.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	63.816005 -22.526089

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Fimm frávik komu fram í eftirlitinu. 1) Ársyfirliti fyrir árið 2023 skilað seint. 2) Ársyfirliti fyrir árið 2024 skilað seint. 3) Ársyfirlit fyrir árið 2023 með ófullnægjandi upplýsingum. 4) Ársyfirlit fyrir árið 2024 með ófullnægjandi upplýsingum. 5) Áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs ekki til staðar.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði í 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í reglubundið eftirlit í tilraunaeldi Hafrannsóknarstofnunar að Stað í Grindavík. Starfsleyfi rekstraraðila er frá 23. maí 2019 og gildir til 23. maí 2035. Um landeldi er að ræða og er rekstraraðila heimilt að framleiða í stöðinni árlega allt að 50 tonn af sjávar- og ferskvatnslífverum, að hámarki 50 tonn af lífmassa á hverjum tíma.

Boðað umfang eftirlitsins:

- Staðan frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Starfsleyfi rekstraraðila og skil samkvæmt því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir
- Skoðunarferð
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Fylgiskjöl

1. Tvö frávik komu fram í eftirliti árið 2022 og fimm ábendingar. Öllum frávikum hefur verið lokað og brást rekstraraðili við öllum ábendingum.

2. Farið var yfir áhættumat fyrir árið 2025 til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit, og var það uppfært miðað við núverandi stöðu að eftirliti loknu.

3. Ársyfirliti vegna ársins 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2024 og er það því frávik. Því var skilað inn 10. maí 2024 og er því frávikinu lokað. Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það því frávik. Því var skilað inn 2. maí 2025 og er því frávikinu lokað. Heildarframleiðsla ársins 2023 var 3 tonn og fódurnotkun 3,5 tonn. Heildarframleiðsla ársins 2024 var 3 tonn og fódurnotkun 3 tonn. Ársyfirlit vegna ársins 2023 var með ófullnægjandi upplýsingum, fosfór og nitur útreikningar voru ekki réttir og er það því frávik. Fullnægjandi ársyfirlit fyrir árið 2023 barst 11. desember 2025 og er frávikinu lokað. Ársyfirlit vegna ársins 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum, fosfór og nitur útreikningar voru ekki réttir og er það því frávik. Fullnægjandi ársyfirlit fyrir árið 2024 barst 11. desember 2025, frávikinu er lokað.

4. Eftirlitsaðili reiknaði út fosfórlosun út frá fódri fyrir árið 2023 og var hún 8,8 kg P/tonn sem er innan marka starfsleyfis og árið 2024 var hún 7,8 kg P/tonn sem er innan marka starfsleyfis.

5. Farið var yfir áætlanir. Áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs var ekki til staðar og er það frávik. Áætlun barst eftirlitsaðila 11. desember 2025 og er frávikinu lokað.

6. Gengið var um stöðina og umhverfið skoðað. Frárennislögn er um 100 metrar og endar ofarlega í voginum neðan stöðvarinnar. Útrásin er á skyldum stað vestast í Staðarbót enda grjótgarður sunnan og austan þess staðar

þar sem frárennslilögnin endar í fjörunni. Rekstraraðili hefur fengið undanþágu vegna legu frárennslis frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja á grundvelli 7. liðar. 9. gr. reglugerðar nr. 798/1999, um fráveitur og skólp.

7. Efnageymsla var fullnægjandi.

8. Farið var yfir breytt verklag Umhverfis- og orkustofnunar við eftirlit en frá og með 1. maí sl. fer stofnunin yfir þau gögn sem henni berast frá rekstraraðilum sama ár og þau berast. Nýjar leiðbeiningar um olíuskiljur eru sendar öllum rekstraraðilum. Farið var stuttlega yfir nýju leiðbeiningarnar.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 3.10 í starfsleyfi.	Áætlun vegna meðhöndlunar úrgangs var ekki til staðar. Áætlun barst eftirlitsaðila 11. desember 2025, frávikin er lokað.
gr. 4.3 í starfsleyfi	Ársyfirlit vegna ársins 2023 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 11. desember 2025, frávikin er lokað.
gr. 4.3 í starfsleyfi.	Ársyfirlit vegna ársins 2024 var með ófullnægjandi upplýsingum. Fullnægjandi skil bárust 11. desember 2025, frávikin er lokað.
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Ársyfirliti vegna ársins 2023 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2024 og er það því frávik. Því var skilað inn 10. maí 2024 og er því frávikin lokað.
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Ársyfirliti vegna ársins 2024 var ekki skilað inn fyrir 1. maí 2025 og er það því frávik. Því var skilað inn 2. maí 2025 og er því frávikin lokað.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðili var minntur á að taka sýni frá frárennslis á þriggja ára fresti. Síðasta sýnataka var árið 2023.

ANNAÐ

Engin mengunaróhöpp eða kvartanir eru skráðar hjá rekstraraðila eða eftirlitsaðila frá því að síðasta eftirlit fór fram.

Reykjavík, 16.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Auður Eyberg Helgadóttir